

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 20. febrúar 2009 í máli nr. S-1489/2008:

Ákærvaldið

(Björn Þorvaldsson aðstoðarsaksóknari)

gegn

Hirti J. Hjartar

(Sigmundur Hannesson hrl.)

og

Ágústi Þórhallssyni

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

Árið 2009, föstudaginn 20. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Ragnheiði Harðardóttur, settum héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 1489/2009: Ákærvaldið gegn Hirti J. Hjartar og Ágústi Þórhallssyni, sem tekið var til dóms í þinghaldi hinn 5. febrúar sl.

Málið er höfðað samkvæmt ákæru Ríkislögreglustjórans, dagsettri 28. október 2008, á hendur Hirti J. Hjartar, kt. 000000-0000, Fáfnisnesi 1, Reykjavík, og Ágústi Þórhallssyni, kt. 000000-0000, Furuási 37, Hafnarfirði, fyrir brot gegn lögum um einkahlutafélög, með því að hafa þann 12. desember 2007, vísitandi sent Hlutafélagaskrá, Laugavegi 166, Reykjavík, ranga tilkynningu vegna einkahlutafélagsins FS13, kt. 000000-0000, varðandi breytingu á prókúru, stjórn og firmaritun og nýjar samþykktir, þar sem fram kom ranglega að þær ráðstafanir sem þar voru tilkynntar hefðu verið ákveðnar á löglegum hluthafafundi einkahlutafélagsins, en ákærðu, sem skrifuðu undir fundargerð umrædds fundar, sem dagsett var sama dag og umrædd tilkynning, var þá fullkunnugt um að svo var ekki og að þær ráðstafanir sem tilkynningin varðaði væru því ólöglegar.

Þetta er talið varða við 1. tölulið 127. gr. laga um einkahlutafélög nr. 138/1994.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Af hálfu ákærða Hjartar er krafist sýknu, en til vara að ákærða verði dæmd vægasta refsing sem lög leyfa og málsvarnarlauna til handa verjanda, sem greiðist úr ríkissjóði ásamt öðrum sakarkostnaði.

Af hálfu ákærða Ágústs er krafist sýknu, en til vara að ákvörðun refsingar verði frestað skilorðsbundið og málsvarnarlauna til handa verjanda, sem greiðist úr ríkissjóði ásamt öðrum sakarkostnaði.

Hinn 7. febrúar 2008 barst Ríkislögreglustjóra beiðni Hróbjarts Jónatanssonar hæstaréttarlögmanns, um opinbera rannsókn á meintum brotum ákærðu og Róberts Melax á lögum um hlutafélög og almennum hegningarlögum. Í kærinni er atvikum lýst svo að í marsmánuði árið 2007 hafi Árni Benóný Sigurðsson samið við fyrirtækjasvið endurskoðunarfyrirtækisins KPMG um að það myndi finna fjárfesta að tilteknu viðskiptataækifæri í Króatíu sem Árni hafði kynnt fyrirtækinu. Ákærðu störfuðu báðir hjá endurskoðunarfyrirtækinu KPMG á þessum tíma, ákærði Ágúst sem lögfræðingur á fyrirtækjasviði, en ákærði Hjörtur sem ráðgjafi. Fram kemur í kærinni að samið hafi verið um að CF Fyrirtækjasala ehf., sem hafi verið í eigu KPMG, seldi Árna einkahlutafélagið FS13 ehf. fyrir 88.500 krónur nettó. Heildarkaupverð hafi verið 500.000 krónur, en CF Fyrirtækjasala skyldi leggja 411.500 krónur inn á reikning FS13 ehf. og skyldi KPMG finna fjárfesta sem kæmu með hlutafé inn í félagið. Fyrir tilstilli KPMG hafi félag í eigu Róberts Melax, Still River Overseas, samið við Árna um inngöngu í FS13 ehf. og þátttöku í viðskiptataækifærinu. Skyldi félag Róberts leggja FS13 ehf. til fé svo að unnt yrði að framkvæma það sem stefnt var að í Króatíu. Í framhaldinu hafi samþykktum FS13 ehf. verið breytt. Skyldu fjórir vera í stjórn, þar af hafi Árni verið kosinn formaður stjórnar, en Árni og Róbert hafi hvor um sig haft prókúru og ritað sameiginlega firma félagsins. Ákærði Hjörtur hafi síðar verið ráðinn framkvæmdastjóri FS13 ehf. Þegar fram leið hafi annað félag í eigu Róberts Melax, Standhóll ehf., tekið við öllum réttindum Still River Overseas og hafi hluthafar eftir það verið tveir, Árni og Standhóll ehf. Stofnað hafi verið dótturfélag FS13 ehf. í Króatíu, FS13 d.o.o.

Þann 14. desember 2007 hafi Árna borist bréf ákærða Ágústs, dagsett degi fyrr, þar sem tilkynnt var um riftun á samningi CF Fyrirtækjasölu og Árna um kaup hans á hlutum í FS13 ehf. og því borið við að kaupverð væri ógreitt. Þá lægi fyrir að þann 12. sama mánaðar hefðu ákærðu undirritað tilkynningu um breytta stjórn og samþykktir í FS13 ehf., þar sem kæmi fram að stjórn félagsins skyldi skipuð ákærða Hirti sem aðalmanni, en ákærða Ágústi sem varamanni. Hafi tilkynningunni verið komið á framfæri við fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra og breytingarnar verið skráðar þar.

Ákærði Hjörtur hafi framvísað vottorði fyrirtækjaskrár hjá fyrirtækjaskrá [Notarius publicus] í Króatíu og í byrjun janúar 2008 muni hann hafa tekið allt fé út af bankareikningi félagsins í Króatíu, sem hafi verið a.m.k. 700.000 evrur, sem FS13 ehf. hefði greitt inn á bankareikninga FS13 d.o.o. Auk þess hafi ákærði Hjörtur tekið allt fé út af bankareikningi FS13 ehf. hér á landi, sem hafi verið 662.398 evrur. Ákærði Hjörtur hafi greitt féð inn á bankareikninga í eigu Róberts Melax eða félaga á vegum hans.

Í kæru eru meint brot ákærðu talin varða við 155., 247. og 249. gr. almennra hegningarlaga og lög um einkahlutafélög. Ríkislögreglustjóri felldi niður þann hluta málsins sem laut að meintum hegningarlagabrotum með vísan til 112. gr. þágildandi laga um meðferð opinberra mála og bar kærandi þá ákvörðun undir Ríkissaksóknara. Með bréfi Ríkissaksóknara, dagsettu 7. janúar 2009, var ákvörðun Ríkislögreglustjóra staðfest, meðal annars með hliðsjón af því að vafi væri um að umræddar úttektir hafi farið fram í auðgunarskyni og að um væri að ræða ágreining einkaréttarlegs eðlis.

Meðal gagna málsins er kaupsamningur/afsal, dagsett 15. desember 2006, þar sem kemur fram að CF Fyrirtækjasala ehf. selji Árna Benóný Sigurðssyni heildarhlutafé í einkahlutafélaginu FS13 að nafnverði 500.000 krónur. Kaupverð félagsins, kr. 500.000, skuli greitt við undirritun samningsins inn á bankareikning CF Fyrirtækjasölu ehf. Krónur 411.500 verði lagðar inn á reikning í nafni félagsins í kjölfar breytinga á félaginu hjá Fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra. Undir afsalið rita Arni Benóný Sigurðsson sem kaupandi, en ákærði Ágúst fyrir hönd CF Fyrirtækjasölu.

Í málinu liggur fyrir fjárfestingarsamningur milli Árna Benónýs Sigurðssonar fyrir hönd FS13 ehf. og Still River Overseas Ltd., ásamt viðauka dagsettum 25. júní 2007 þar sem kemur fram að Standhóll ehf. komi í stað Still River Overseas Ltd. sem aðili. Jafnframt liggur fyrir hluthafasamkomulag milli sömu aðila, dagsett 19. apríl 2007.

Samkvæmt tilkynningu móttækinni í Fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra 12. apríl 2007 var ákveðið á hluthafafundi 15. desember 2006 að stjórn FS13 ehf. skyldi skipuð Árna Benóný Sigurðssyni og að Ágúst Þórhallsson skyldi vera varamaður. Árni færi með framkvæmdastjórn og hefði prókúruumboð. Þann 24. júlí 2007 barst Fyrirtækjaskrá tilkynning um að ný stjórn félagsins væri skipuð Árna Benóný Sigurðssyni, Róbert Melax, Jóni Magnússyni og Sigrúnu Melax. Hjörtur Hjartar skyldi vera framkvæmdastjóri. Róbert Melax hefði verið veitt prókúruumboð og færi því með prókúru ásamt Árna Benóný Sigurðssyni.

Af gögnum málsins verður ráðið að fljótlega hafi farið að gæta óánægju hjá Róbert og ákærða Hirti um aðkomu Árna Benónýs að félaginu. Hafi Arni Benóný ekki þótt hafa staðið við sinn hluta samkomulagsins um að útvega húsnæði fyrir verksmiðju, hráefni, vélabúnað o.s.frv. Þann 6. desember 2007 rifti danska félagið 3D-Tech samningi við FS13 um vélakaup, en fram kom að forsvarsmenn danska félagsins hefðu áhyggjur af framgangi verkefnisins. Atvikum að þessu leyti er lýst í svonefndri Logbók ákærða Hjartar sem liggur frammi í málinu. Þar kemur fram að þegar afstaða 3D-Tech lá fyrir hafi ákærða Hirti og Róbert Melax verið ljóst að einhver spilaborg hrundi hjá Árna. Þar sem engar vélar hefðu verið keyptar hafi verið ljóst að verkefnið myndi frestast um marga mánuði. Þá hafi komið fram hjá forsvarsmönnum hins danska félags að Árni hefði ekki lagt þeim til neina peninga, sem hann hafði þó skuldbundið sig til með fjárfestingarsamningi. Allar tímaáætlanir hefðu brostið og einnig allur trúverðugleiki Árna. Vegna þeirrar stöðu sem var komin upp hefði verið ákveðið að halda hluthafafund í FS13 ehf. og var fundurinn haldinn þann 11. desember kl. 10:00 á skrifstofu KPMG í Borgartúni. Ákærði

Hjörtur ritaði fundargerð þar sem kom fram að báðir hluthafar hafi verið mættir og teldist fundurinn því löglegur í félaginu FS13 ehf. Á dagskránni hafi verið eitt mál: „Vanefndir Árna B. Sigurðssonar á hluthafasamkomulagi og á innborgunar [svo] á hlutafé“. Róbert Melax hafi tekið til máls og lýst því yfir að Árni hafi ekki staðið við gefin loforð í hluthafasamkomulagi þeirra og hafi það verið staðfest frá 3D-Tech að Árni hafi ekki greitt umsamið hlutafé. Róbert hafi sagst vilja ræða um hvernig þeir héldu áfram með félagið, en ljóst væri að þeir myndu ekki starfa saman í þessu verkefni. Hafi Róbert boðið Árna að verða ráðgjafi hjá félaginu og þiggja fyrir það ákveðnar greiðslur. Róbert hafi lagt til að fundinum yrði frestað til kl. 15:00 og þá myndi vera tilbúinn samningur um þessi atriði. Árni myndi fara frá félaginu ef hann samþykkti þessa tillögu. Árni hafi sagst myndu svara tilboðinu þegar fundur hæfist á ný kl. 15:00. Klukkan 14:00 hafi hinsvegar borist símtal frá Árna þar sem hann óskaði eftir að fundinum yrði frestað um óákveðinn tíma. Róbert hafi beðið hann um að koma þó svo að fundinum yrði frestað, en Árni hafi hafnað því. „Fleira gerðist ekki en þetta urðu loka [svo] þessa fundar“, segir í lok fundargerðarinnar.

Í framhaldi af þessari færslu er ritað í Logbókina undir fyrirsögninni „Árni ekki löglegur eigandi FS13 ehf.“, að ákærða Hirti hafi lengi verið ljóst að Árni hefði ekki greitt hlutafé, 500.000 krónur, sem hann hefði verið krafinn um þegar hann keypti FS13 ehf. af CF Fyrirtækjasölu. „Þar sem Árni hafði aldrei greitt fyrir félagið og ákveðið að hunsa öll tilmæli þar um var eðlilegt að telja að löglegt væri að setja hann út úr stjórn félagsins og stofna nýja stjórn með löglegum hluthöfum.“

Sú tilkynning sem um ræðir í máli þessu barst Fyrirtækjaskrá 12. desember 2007 og er dagsett sama dag. Þar segir að á löglegum hluthafafundi í FS13 ehf., sem haldinn hafi verið þann dag, hafi verið teknar eftirtaldar ákvarðanir:

„Samþykkt var að fækka stjórnarmönnum niður í einn aðalmanng og einn til vara. Þá ritar stjórnarmaður firma félagsins.

Í stjórn voru kjörnir:

Hjörtur J. Hjartar, kt. 000000-0000, Fáfnisnesi 1, 101 Reykjavík, stjórnarmaður

Ágúst Þórhallsson, kt. 000000-0000, Háabergi 17, 221 Reykjavík, varamaður

Umboð fyrri stjórnarmanna var afturkallað.

Þá var prókúruumboð Árna Benóný Sigurðssonar og Róberts Melax afturkallað og stjórnarmanni Hirti Hjartar veitt prókúra.“

Ákærðu rituðu undir tilkynninguna. Þá fylgdu nýjar samþykktir fyrir félagið, undirritaðar af ákærða Hirti.

Fundargerð hluthafafundar FS13 ehf., dagsett 12. desember 2007, var móttækin hjá Fyrirtækjaskrá sama dag. Í fundargerðinni kemur fram að mætt hafi verið fyrir báða hluthafa félagsins, en hluthafar þess séu CF Fyrirtækjasala ehf. og Standhóll ehf. Fundarmenn, Ágúst Þórhallsson og Hjörtur Hjartar, hafi samþykkt

frávík frá boðun fundarins. Undir fyrirsögninni „Dagskrárliður 1. Kjör stjórnar og ritun firma“ segir að samþykkt hafi verið að fækka stjórnarmönnum niður í einn og einn til vara. Lögð hafi verið fram tillaga um Hjört Hjartar sem stjórnarmann og Ágúst Þórhallsson sem varastjórnarmann. Nýjar samþykktir hafi verið samþykktar. Undir fyrirsögninni „Dagskrárliður 2 Tillaga um riftun á kaupum Árna Benóný Sigurðssonar á FS 13 ehf.“ segir að í ljós hafi komið eftir skoðun á bókhaldi CF Fyrirtækjasölu ehf. að Árni hafi ekki greitt fyrir félagið í samræmi við kaupsamning og afsal dagsett 15. desember 2006. Samþykkt hafi verið að gefa Árna kost á að greiða fyrir félagið og gefa honum nokkurra daga frest til þess. Greiði hann ekki fyrir félagið muni CF Fyrirtækjasala ráðstafa hlut sínum í félaginu til þriðja aðila.

Í málinu liggur fyrir bréf, dagsett 13. desember 2007, frá CF Fyrirtækjasölu ehf. til Árna Benónýs Sigurðssonar. Í bréfinu er Árna tilkynnt að CF Fyrirtækjasala hafi rift samningi um kaup hans á 100% hlutfé í FS13 ehf. Riftunin sé til komin vegna vangreiðslu á kaupverði fyrir félagið. Hluthafaskrá félagsins hafi verið uppfærð í samræmi við riftunina. CF Fyrirtækjasala hafi þegar haldið hluthafafund og kjörið nýja stjórn í félaginu. Bréfið er undirritað af ákærða Ágústi fyrir hönd CF Fyrirtækjasölu.

Tilkynningin sem um ræðir í málinu og barst Fyrirtækjaskrá þann 12. desember kom til afgreiðslu lögfræðings Hlutfélagaskrár. Liggur fyrir að sá starfsmaður vísaði tilkynningunni frá, þar sem fráfarandi stjórnarmenn höfðu ekki staðfest hana rétta svo sem vinnureglur skrárinnar gerðu ráð fyrir.

Í greinargerð sem Skúli Jónsson, forstöðumaður Fyrirtækjaskrár Ríkisskattstjóra, hefur ritað og er meðal gagna málsins, kemur fram að lögfræðingur Hlutfélagaskrár hafi gert honum grein fyrir því að lögfræðingur hjá KPMG, ákærði Ágúst, væri afar ósáttur við synjun skráningar. Í framhaldi af þessu hafi ákærði Hjörtur komið á skrifstofu Skúla og lagt hart að honum að víkja frá fyrrgreindri vinnureglu skrárinnar. Hafi ákærði sagt mikla fjárhagslega hagsmuni í húfi og ekki unnt með skömmum fyrirvara að fá undirskriftir þær sem farið var fram á. Hafi Skúli fallist á að gera undantekningu í þessu tilviki og heimila skráningu. Þann 18. desember hafi Fyrirtækjaskrá borist bréf Hróbjarts Jónatanssonar hæstaréttarlögmanns þar sem þess var krafist að skráningin frá 12. desember yrði felld úr gildi og fyrri skráning félagsins yrði látin standa óbreytt, enda styddist skráningin ekki við lögsmætar aðgerðir í félaginu. Vegna þessa hafi Skúli þann 19. desember ritað framkvæmdastjóra KPMG bréf þar sem farið var fram á að Fyrirtækjaskrá yrðu látin í té gögn sem staðfestu lögsmæti hluthafafundarins.

Meðal gagna málsins er tölvuskeyti ákærða Ágústs, sent lögfræðingi Fyrirtækjaskrár þann 19. desember, þar sem farið er fram á að ekki verði hróflað við skráningu á félaginu fyrr en skráin hafi gengið úr skugga um að Árni Benóný Sigurðsson hafi greitt fyrir bréfin sem hann keypti í félaginu á sínum tíma af CF Fyrirtækjasölu ehf.

Þá liggur fyrir bréf ákærða Ágústs, fyrir hönd CF Fyrirtækjasölu, sem Fyrirtækjaskrá barst þann 21. desember, þar sem segir m.a.: „Aðkoma CF

Fyrirtækjasölu ehf., hér eftir nefnt félagið, að hluthafafundi hjá FS13 ehf. þann 12. desember 2007 bygðist [svo] á riftun félagsins á sölu FS13 ehf. til Árna B. Sigurðssonar. Ákveðið hefur verið að sú riftun gangi til baka. Er því grundvöllur aðkomu félagsins að hluthafafundinum þann 12. desember 2007 brostinn og þar með lögmæti fundarins.“ Með skeyti til Árna Benónýs Sigurðssonar, dagsettu sama dag, sem einnig var undirritað af ákærða Ágústi fyrir hönd CF Fyrirtækjasölu, var tilkynnt að ákveðið hefði verið að afturkalla riftunina.

Í greinargerð Skúla Jónssonar kemur fram að í kjölfar bréfs ákærða Ágústs til Fyrirtækjaskrár hafi skráningu félagsins verið breytt í fyrra horf. Sama dag barst Fyrirtækjaskrá bréf frá Logos lögmannsbjónustu, fyrir hönd KPMG hf., þar sem segir að KPMG hafi ekki sent tilkynninguna þann 12. desember og sé málið óviðkomandi.

Verður nú rakinn framburður ákærðu og vitna fyrir dómi.

Ákærði Hjörtur lýsti aðkomu sinni að félaginu og þeirri vinnu sem fór fram á síðari hluta ársins 2007 og miðaði að því að koma á fót umræddri verksmiðju. Dvaldist ákærði í Króatíu á þessum tíma ásamt Árna Benóný Sigurðssyni. Hefðu áætlanir ekki gengið eftir, en því hafi verið um að kenna að ekki hefði staðist ýmislegt sem komið hafi fram hjá Árna við sölukynningu verkefnisins. Þann 6. desember hafi verið komin upp sú staða að félagið hafi ekki enn verið komið með samning um húsnæði. Danska fyrirtækið 3D-Tech hafi rift samningi um vélakaup vegna vanefnda Árna og hafi þeim ákærða Hirti og Róbert Melax verið ljóst að Árni hefði nánast sagt ósatt um allt sem hann hefði sagt fram að þessu. Í framhaldinu hefðu ákærði Hjörtur og Árni farið heim til Íslands og hafi hluthafafundur FS13 ehf. verið haldinn þann 11. desember. Þar hafi verið fjallað um tillögu Róberts Melax um að Árni gengi út úr félaginu, en yrði jafnframt boðið að vera því til ráðgjafar. Hlé hafi verið gert á fundinum og gert ráð fyrir því að honum yrði framhaldið klukkan 15 þennan dag og þá hafi átt að vera tilbúinn samningur um þetta. Klukkan 14 hafi borist símtal frá Árna þar sem hann hafi sagt að hann kæmi ekki á fundinn klukkan 15. Þeir hafi spurt hvað hann ætlaði þá að gera og hann sagst ætla að koma einhvern tímann seinna. Í sjálfu sér hafi hann sagt að hann kæmi ekki aftur og hann vissi ekki hvenær þeir gætu haldið fundinum áfram. Þarna hafi staðan verið sú að Róbert Melax og hans félög hafi verið búinn að greiða 1.800.000 evrur inn í félagið. Þar af hafi verið um 600.000 evrur á reikningi dótturfélagsins í Króatíu. Árni hafi einn verið með prókúru í króatíska félaginu og því einn haft aðgang að bankareikningum þess. Í nóvember þetta sama ár hafi þeir orðið þess vísir að Árni hefði dregið sér fé úr félaginu, sem hefði runnið til einkahlutafélags sem hann hefði stofnað í Króatíu í tengslum við kaup á íbúð þar, auk þess sem hann hefði keypt bifreið í leyfisleysi. Af þessum sökum hafi þeir haft fulla ástæðu til að óttast að Árni myndi taka til sín það fé sem var í króatíska félaginu. Þá hafi lengi verið ljóst að Árni hafði ekki greitt hlutafé sem nam 500.000 krónum sem KPMG hafði krafðið hann um þegar hann keypti félagið. Ákærði sagðist margoft hafa minnt Árna á þetta og það hefði ákærði Ágúst einnig gert. Þeir ákærði Ágúst hafi því ákveðið að grípa til þess að segja upp þeim kaupsamningi sem Árni gerði við KPMG og CF Fyrirtækjasölu og „taka af honum félagið“ – „taka af honum hlutinn“. Þeir hafi ætlað að taka af honum hlutinn vegna þess að hann greiddi ekki fyrir hann. Ákærði hafi ráðfært sig við ákærða Ágúst og lögmann

Róberts Melax og niðurstaðan hefði verið sú að þessi leið væri fær til að koma Árna frá félaginu. Ástæðan fyrir því að þeir gerðu þetta hafi verið sú að þeir þyrftu að ná prókúrurétti í króatíska félaginu. Ákærði kvað Árna ekki hafa verið boðaðan á fundinn 12. desember því að ákærðu hefðu ekki talið hann vera hluthafa lengur þar sem hann hefði ekki greitt þann hlut sem hann hafi átt að standa fyrir. Að mati ákærða hefði Árni því aldrei verið löglegur eigandi að FS13.

Ákærði kvað viðhlítandi gögn hafa verið útbúin í tengslum við fundinn, þ.e. nýjar samþykktir félagsins og tilkynning til fyrirtækjaskrár um breytingar á stjórn. Starfsmaður KPMG hafi útbúið þessi skjöl, en þeir ákærði Ágúst gengið frá þeim í sameiningu. Skjölin hafi legið fyrir á þessum fundi og hafi ákærði kvittað á nýjar samþykktir. Fundargerð og önnur gögn hafi verið boðsend eftir eðlilegum leiðum, en KPMG sendi slíkar tilkynningar til Fyrirtækjaskrár svo að segja daglega. Tilkynningin hafi farið í einhverja síu hjá Fyrirtækjaskrá vegna innri reglna skrárinnar um að krefjast staðfestingar fráfarandi stjórnarmanna þegar skipt væri algerlega um stjórn í félögum. Einhver samskipti hafi verið milli lögfræðings Fyrirtækjaskrár og ákærða Ágústs vegna þessa. Ákærði kvaðst síðar um daginn hafa farið á fund Skúla Jónssonar forstöðumanns Fyrirtækjaskrár. Hann hafi lagt gögnin fyrir Skúla og svarað öllum spurningum hans. Hann hafi sagt Skúla að CF Fyrirtækjasala væri að taka fyrirtækið til baka. Að stofnað hefði verið til samstarfs milli tveggja aðila, en annar þeirra hvorki greitt umsamið hlutafé né fyrir félagið sem hann keypti. Þetta hafi gefið þeim tilefni til að hafa áhyggjur af fjármunum á reikningi sem Árni hefði einn haft aðgang að í Króatíu. Þetta hafi komið fram á fundi þeirra Skúla. Ákærði hafnaði því að hann og meðákærði Ágúst hefðu komið rangri tilkynningu á framfæri við Fyrirtækjaskrá og kvað það vera ósannindi að hann hefði blekkst Fyrirtækjaskrá.

Hann kvað ekki hafa verið leitað úrræða í dómskerfinu eða réttarkerfinu í Króatíu til að vernda hina fjárhagslegu hagsmuni í Króatíu. Kerfið í Króatíu væri frekar svifaseint og þeir hefðu ekki talið sig hafa tíma til að bíða eftir því að einhver „commercial court“ eða slíkt í Króatíu myndi frysta þennan reikning eða eitthvað slíkt. Þeir hefðu ekki heldur talið sig hafa tíma til að fara í innsetningargerð fyrir íslenskum dómstólum.

Eftir að tilkynningunni hafði verið komið á framfæri við Hlutafélagaskrá kvaðst ákærði hafa fengið vottorð frá Fyrirtækjaskrá um að hann væri löglegur stjórnarmaður í félaginu. Hann hefði fengið nauðsynlegar staðfestingar á vottorðinu hjá stjórnvöldum hér á landi. Síðan hefði hann leitað til lögmans í Króatíu og beðið hann um að gera breytingar á félaginu þannig að hann yrði einn skráður sem stjórnandi og Árni og Róbert Melax yrðu afskráðir. Þetta hafi gengið eftir síðar í desember 2007.

Þegar hann hefði verið kominn með skírteini frá „commercial court“ í Króatíu sem lýsti því að hann væri stjórnarmaður í félaginu, hefði hann farið í bankann, sagt upp prókúru Árna og fært það fé sem var á reikningnum, andvirði um 600 evra í króatískri mynt, yfir á annan reikning. Þetta hefði gerst í byrjun janúar 2008.

Ákærði Ágúst kvaðst hafa setið hluthafafundinn í FS13 ehf. 11. desember 2007. Fundurinn daginn eftir hafi verið haldinn þar sem Árni hefði aldrei greitt hlutafé inn í félagið. Hugsanlega hafi Árni því aldrei verið hluthafi í félaginu. Hefði hlutaskráning í raun átt að vera þannig að CF Fyrirtækjasala ætti helming í félaginu á móti Róbert Melax. Ákærði kannaðist við að hafa fyrir hönd CF Fyrirtækjasölu ritað undir afsal á FS13 ehf. til Árna. Hann kvað ekki hafa verið skoðað að leita eftir bráðabirgðaaðgerðum fyrir dómstólum á Íslandi eða í Króatíu til að tryggja þá hagsmuni sem um var að ræða. Litið hafi verið svo á að einfaldast væri að gera þetta eins og gert var. Ákærði kvað Árna áður hafa átt við sig samtal og spurt um leiðir til að þvætta peninga frá Rússlandi og flytja þá til Danmerkur. Það hafi því verið ástæða til að ætla að Árna væri ekki treystandi með þessa peninga.

Á fundinum 12. desember 2007 hafi verið ákveðið að skipta um stjórnarmenn. Starfsmaður KPMG hafi farið með gögnin sem til þurfti til Fyrirtækjaskrár. Skúli Jónsson hefði haft samband við ákærða og kallað eftir fundargerðinni sem ekki hefði fylgt með. Skúli hefði viljað setja sig inn í málið sem hafi verið sjálfsagt mál. Ákærði Hjörtur hefði farið með fundargerðina til Skúla og þeir þá spjallað saman. Engu hafi verið leynt gagnvart Hlutafélagaskrá og engum blekkingum beitt.

Ákærði kvaðst telja að fundurinn sem var haldinn 12. desember hafi verið löglegur og gögnin sem send voru hlutafélagaskrá lögfræðilega rétt á allan hátt.

Hann kvað tilganginn með þessum aðgerðum hafa verið að verja það fé sem búið hafi verið að greiða inn í króatíska félagið. Árni hafi verið búinn að svíkja allt sem hann hefði tekið fram í sölukynningu á verkefninu. Hann hafi verið vís með að komast í þessa peninga og hafi tilgangurinn verið að stöðva hann í mögulegum fjársvikum.

Ákærði var spurður út í skýrslu sem tekin var af honum hjá lögreglu þar sem haft var eftir honum að fallið hefði verið frá riftun þar sem þetta hefði verið lögfræðilega rangt gert, röng tímaröð hafi verið á hlutunum og því ekkert annað í stöðunni. Ákærði sagði að við nánari skoðun hefði hugsanlega mátt halda því fram að röng tímaröð hefði verið á hlutunum þar sem yfirlýsing um riftun var send 13. desember, en fundurinn hafði verið haldinn þann 12. desember. Þetta hafi þó ekki verið úrslitaatriði um það að þeir „skiluðu þessu til baka“. Komnar hefðu verið af stað viðræður við lögmann Árna um að hann myndi greiða sinn hlut. Þá hefði verið búið að tryggja þá hagsmuni sem átti að tryggja þar sem Hjörtur hefði verið orðinn prófkúruhafi og ekkert annað að gera en að „skila félaginu til baka eða raunverulega afturkalla þetta“. Ekki hafi verið búið að sækja peningana til Króatíu þegar þetta gerðist.

Ákærði staðfesti að hann og meðákærði hefðu staðið saman að skjalagerð vegna fundarins 12. desember. Þeir hefðu staðið saman að því að útbúa fundargerð, breytingar á samþykktum og tilkynningu til Hlutafélagaskrár. Varðandi samskipti við Fyrirtækjaskrá kvaðst ákærði hafa sent starfsmann sinn með tilkynninguna til skrárinnar. Lögfræðingur Hlutafélagaskrár hafi verið í samskiptum við hann og hafi hann farið yfir málið og upplýst að hugsanlega væri ágreiningur um eignaraðild að félaginu. Þá hafi hann verið í einhverjum tölvupóstsamskiptum við Fyrirtækjaskrá vegna málsins.

Vitnið Árni Benóný Sigurðsson kom fyrir dóminn. Hann kvað ósætti í félaginu hafa átt sér skamman aðdraganda og hafi þetta allt gerst á tveimur til þremur dögum í byrjun desember 2007. Upp úr þessu hafi fundurinn 11. desember verið haldinn og hafi vitninu þá verið gert tilboð um að hann færi út úr félaginu. Hlé hafi verið gert á fundinum og hafi átt að halda honum áfram klukkan 15 þennan sama dag. Vitnið kvaðst hafa leitað ráða hjá kunningjum og það hafi orðið úr að hann hefði ekki farið aftur á fundinn, en hann hafi ekki viljað sætta sig við þá afarkosti og yfiringang sem honum hefði verið sýndur. Vitnið kvaðst hafa hringt í Róbert Melax og ákærða Hjört og sagt að hann ætlaði ekki að mæta og ekki að taka þessu tilboði þeirra. Svo hafi þetta farið af stað hjá þeim, þeir hefðu stolið fyrirtækinu, sem vitnið vildi kalla og vitnaði þá til hinnar umræddu skráningar og þess sem gerðist þar á eftir. Þeir hafi hirt alla peninga út úr fyrirtækinu og skilið það eftir gjörsamlega snault. Róbert Melax hafi svo stofnað nýtt félag, Tilt, sem hafi farið í öll þau verk sem staðið hefði til að FS13 ynni að. Ákærði Hjörtur hafi farið að vinna fyrir þetta félag.

Vitnið var spurt út í ásakanir um að það hefði dregið sér fé, sem nam um 250.000 krónum, úr sjóðum dótturfélagsins í Króatíu þann 23. nóvember 2007. Vitnið sagðist hafa verið statt í Þýskalandi þegar bókarí félagins hefði hringt og sagt að hann yrði að borga þessa peninga og hvort hún mætti taka þá út af reikningnum hjá FS13 d.o.o. Vitnið kvaðst hafa sagt það vera í lagi þar sem hann væri með reikninga, bæði símareikninga og annað á félagið sem svaraði til þessarar fjárhæðar. Vitnið var innt eftir því hvaða heimild hann hefði haft til að krefja félagið um símakostnað og annað slíkt. Vitnið sagði að það hefði verið umsamið. Hann hefði átt að fá 600.000 krónur í laun á mánuði, auk kostnaðar og upphalds.

Vitnið Skúli Jónsson, forstöðumaður Fyrirtækjaskrár Ríkisskattstjóra, gaf skýrslu fyrir dómnum. Vitnið kvað lögfræðing Fyrirtækjaskrár hafa hafnað að skrá þær breytingar sem komu fram í umræddri tilkynningu. Hafi sá starfsmaður krafist frekari gagna, þ.e. staðfestingar á að fráfarandi stjórnarmenn væru sáttir við þessa ráðstöfun sem tilkynningin laut að, eða staðfestingu á því að þeir væru gengnir úr stjórninni. Fyrirtækjaskrá hafi um allnokkurt skeið haft þá vinnureglu að krefjast slíkrar staðfestingar og væri það að gefnu tilefni. Starfsmaður KPMG hafi haft samband símleiðis við þennan lögfræðing Fyrirtækjaskrár sem hafi bent á vitnið, sem hugsanlega gæti vikið frá þessari vinnureglu. Í framhaldi af því hafi ákærði Hjörtur komið á skrifstofu vitnisins. Ákærði hafi borið því við að erfitt væri að fá þessar staðfestingar vegna þess að menn væru út og suður. Á endanum hafi vitnið gefið eftir og vikið frá nefndri vinnureglu, en hann hafi tekið mjög skýrt fram að það hefði verið vegna þess að Fyrirtækjaskrá hafi reynt KPMG að góðu og að hann treysti því að það sem þeir legðu fram stæðist. Einn af lögfræðingum KPMG, ákærði Ágúst, hafi skrifað undir tilkynninguna og vitnið kvaðst ekki hafa reynt annað en að það sem hann hefði lagt fram hefði verið satt og rétt. Vitnið kvaðst hafa skráð breytingarnar samkvæmt tilkynningunni á meðan Hjörtur sat hjá honum og afhent honum vottorð um nýja skráningu félagsins. Hann sagði það vissulega hafa haft áhrif á sig að það hafi komið fram í skjalinu að ákvörðun hefði verið tekin á *löglegum* hluthafafundi. Hann hlyti að taka mark á því þegar lögfræðingur

skrifaði að tekin væri ákvörðun á löglegum hluthafafundi.

Vitnið Róbert Melax kom fyrir dóminn og gerði grein fyrir aðkomu sinni að umræddu fjárfestingarverkefni og aðdraganda þess að slitnaði upp úr samstarfi þeirra Árna. Vitnið lýsti því sem gerðist á hluthafafundinum 11. desember 2007. Þar hafi vitnið gert Árna grein fyrir því að forsendur væru brostnar fyrir áframhaldandi samstarfi. Hafi hann boðið Árna að ganga frá verkefninu, en að hann skyldi greiða honum fyrir verkefnið ef það gengi upp yfirleitt. Árni hafi hafnað þessu og síðar verið ákveðið að rifta samkomulagi við hann. Vitnið kvaðst ekki þekkja nákvæmlega hvernig staðið hefði verið að þessari riftun. Hann hafi ekki verið á fundinum daginn eftir. Lögfræðingur hans hafi sent Árna yfirlýsingu um riftun á fjárfestingasamningi og hluthafasamkomulagi.

Vitnið kvaðst hafa haft ástæðu til að óttast um það fé sem hann hefði greitt til félagsins. Árni hafi ekki greitt það sem hann hefði átt að gera, hann hafi sagt ósatt og stolið peningum út úr félaginu í Króatíu. Ástæða hafi verið til að ætla að hann héldi áfram á þeirri braut. Eftir á að hyggja sæist að það hefði verið ásetningur Árna frá upphafi að svíkja peninga út úr þessu félagi.

Loks kom vitnið Benedikt Kjartan Magnússon fyrir dóminn. Vitnið lýsti aðkomu sinni sem starfsmanns KPMG að verkefninu í upphafi. Ekki er ástæða til að reifa framburð vitnisins.

Niðurstaða:

Ákærðu hafna því að hafa sent Hlutfélagaskrá ranga tilkynningu vegna einkahlutafélagsins FS13 svo sem þeim er gefið að sök í ákæru. Árni Benóný Sigurðsson hafi ekki greitt CF Fyrirtækjasölu fyrir hlutafé í félaginu og því hafi hann í raun aldrei verið hluthafi. Réttir hluthafar hafi verið CF Fyrirtækjasala ehf. og Standhóll ehf., en mætt hafi verið af beggja hálfu á fundinn 12. desember 2007. Ákvörðun um breytingar á stjórn félagsins hafi verið tekin á löglegum hluthafafundi og tilkynning til Hlutfélagaskrár um breytingar hjá félaginu því verið rétt.

Fyrir liggur að CF Fyrirtækjasala ehf. afsalaði Árna Benóný Sigurðssyni einkahlutafélaginu FS13 þann 15. desember 2006. Var Árni því eigandi félagsins og eini hluthafi þess uns hann afsalaði félagi í eigu Róberts Melax helmingi þess. Síðar tilkominn ágreiningur um greiðslur fyrir félagið breyttu engu þar um. Árni var ekki boðaður til fundarins 12. desember 2007 og var þar ekki um löglegan hluthafafund að ræða, sbr. X. kafla laga um einkahlutafélög nr. 138/1994. Ákvarðanir sem teknar voru um breytingar á félaginu á fundinum voru því ólöglegar og tilkynning til Hlutfélagaskrár efnislega röng.

Af hálfu ákærðu hefur því jafnframt verið haldið fram að fundurinn 12. desember hafi raunverulega verið framhald hluthafafundarins sem haldinn var þann 11. desember. Þessar staðhæfingar ákærðu standast ekki. Í fundargerð sem ákærði Hjörtur ritaði vegna fundarins 11. desember kemur fram að eftir að fundinum var frestað hafi Árni haft símasamband og sagst ekki myndi koma aftur á fundinn. Síðan segir skýrt í fundargerðinni að fleira hafi ekki gerst og hefðu þetta orðið lok

þessa fundar. Þá er til þess líta að á hluthafafundinum 11. desember var samkvæmt fundargerð mætt af hálfu beggja hluthafa, þ.e. Árna og Standhóls ehf. Á fundinum 12. desember voru hluthafar hinsvegar sagðir vera CF Fyrirtækjasala ehf. og Standhóll ehf. og skráð í fundargerð að mætt væri af hálfu beggja. Ekki fer því á milli mála að um sitt hvorn fundinn var að ræða.

Af gögnum málsins verður ráðið svo ekki verður um villst að ákærðu beindu hinni röngu tilkynningu vísvitandi til Hlutfélagaskrár. Á hluthafafundinum 11. desember kom skýrt fram af hálfu Róberts Melax að hann hygðist ekki starfa áfram með Árna að verkefninu, en bauð honum að koma að því sem ráðgjafi. Fundurinn 12. desember var haldinn eftir að fyrir lá að Árni vildi ekki ganga að þessu og breytingar í kjölfarið miðuðu að því að afmá eignarhlut hans í félaginu og setja hann út úr stjórn þess. Í tilkynningu til Hlutfélagaskrár kemur fram að breytingarnar sem um ræðir hafi verið ákveðnar á *löglegum* hluthafafundi. Samsvarandi orðalag var ekki að finna í fyrri tilkynningum til Hlutfélagaskrár um breytingar hjá félaginu. Ákærði Ágúst er löglærður og ákærðu báðir viðskiptamenntaðir, auk þess sem fram hefur komið að þeir höfðu umfangsmikla viðskiptareynslu. Hlaut þeim að vera fullljóst að fundurinn sem um ræðir var ekki löglegur hluthafafundur og að tilkynningin sem beint var til Hlutfélagaskrár í framhaldinu var því röng. Ákærðu stóðu saman að því að útbúa hina röngu tilkynningu og koma henni á framfæri við Hlutfélagaskrá. Þá áttu þeir báðir nokkur samskipti við starfsmenn og forstöðumann Fyrirtækjaskrár eftir að starfsmaður skrárinnar hafði synjað um skráningu samkvæmt tilkynningunni.

Teljast ákærðu sannir að því að hafa í sameiningu vísvitandi sent Hlutfélagaskrá ranga tilkynningu vegna einkahlutafélagsins FS13 varðandi þær breytingar sem í ákæru greinir og voru sagðar ákveðnar á *löglegum* hluthafafundi einkahlutafélagsins, þótt ákærðu væri fullkunnugt um að svo var ekki og að þær ráðstafanir sem tilkynningin varðaði væru því ólöglegar. Hafa ákærðu með þessu brotið gegn 1. tölul. 127. gr. laga um einkahlutafélög.

Ákærðu hafa borið því við að jafnvel þótt þeir teldust hafa brotið gegn nefndu refsíákvæði með háttsemi sinni beri að sýkna þá á grundvelli 13. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þar sem um neyðarréttarverk hafi verið að ræða. Tilgangurinn með því að beina tilkynningunni til Hlutfélagaskrár hafi verið að koma því til leiðar að ákærði Hjörtur fengi prókúruumboð vegna dótturfélags FS13 í Króatíu. Árni Benóný Sigurðsson hafi einn haft prókúruumboð vegna þess félags og hafi verið ástæða til að óttast að hann myndi draga sér þá fjármuni, um 600.000 evrur, sem voru á bankareikningi þess. Kom fram hjá ákærða Hirti að í nóvember 2007 hafi hann orðið þess áskynja að Árni hefði látið millifæra sem nam u.þ.b. 250.000 krónum af bankareikningi hins króatíska dótturfélags yfir á reikning einkahlutafélags sem hann hefði stofnað í tengslum við kaup á íbúð ytra, auk þess sem hann hefði keypt bifreið til afnota án samráðs við meðeiganda sinn. Árni kvaðst hinsvegar telja sig hafa átt endurkröfu á félagið sem nam þeirri fjárhæð sem millifærð hafði verið vegna ýmiss útlagðs kostnaðar. Vitnið Róbert Melax tók í sama streng og ákærðu og kvaðst hafa haft ástæðu til að óttast um það fé sem hann hefði greitt til félagsins. Var á vitninu að skilja að það teldi ásetning Árna hafa staðið til þess frá upphafi að svíkja peninga út úr félaginu.

Þótt ágreiningur kunni að hafa verið uppi um réttmæti nefndra úttekta Árna verður ekki séð að yfirvofandi hafi verið sú hætta að hann myndi tæma bankareikning félagsins. Hafði hann enga tilburði sýnt til þess, en hefði þó haft til þess drjúgan tíma, ef sú var ætlun hans. Þá var ákærðu ekki nauðsynlegt að aðhafast sem þeir gerðu, enda var þeim í lófa lagið að neyta annarra úrræða til að tryggja fjármunina, svo sem að krefjast kyrrsetningar þeirra til bráðabirgða, eða afhendingar með innsetningu. Verður því engan veginn talið að verknaður ákærðu hafi réttlæst af neyðarrétti þannig að til sýknu leiði.

Ákærðu hafa ekki áður gerst sekir um refsiverða háttsemi svo vitað sé. Verður horft til þess við ákvörðun refsingar. Hins vegar verður lítið til þess að brotavilji ákærðu var að mati dómsins einbeittur. Þá beindust brot þeirra að þeim mikilvægu hagsmunum sem felast í réttri skráningu félaga hjá Hlutafélagaskrá svo að treysta megi upplýsingum sem skráin geymir. Loks beindust brot ákærðu gegn ríkum einkahagsmunum Árna Benónýs Sigurðssonar, en aðgerðir ákærðu miðuðu að því að svipta hann hlut sínum í einkahlutafélaginu FS13. Þykir refsing beggja ákærðu hæfilega ákveðin 500.000 króna sekt til ríkissjóðs og komi 28 daga fangelsi í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna.

Dæma ber ákærðu til að greiða málsvarnarlaun skipaðra verjenda sinna og þóknun vegna verjendastarfa á rannsóknarstigi málsins eins og nánar greinir í dómsorði.

Björn Þorvaldsson aðstoðarsaksóknari flutti málið af ákærvaldsins hálfu.

D ó m s o r ð:

Ákærðu, Hjörtur J. Hjartar og Ágúst Þórhallsson, greiði hvor um sig 500.000 krónur í sekt til ríkissjóðs og komi 28 daga fangelsi í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna.

Ákærði Hjörtur greiði málsvarnarlaun verjanda síns, Sigmundar Hannessonar hæstaréttarlögmanns, 350.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Ákærði Ágúst greiði málsvarnarlaun verjanda síns, Sigurðar G. Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns, 350.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Ragnheiður Harðardóttir.